

**Málefni: Samantekt eftir fund Fjallabyggðar með Vegagerðinni 2. mars 2016**

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri og Ármann Viðar Sigurðsson deildarstjóri tæknideildar fóru á fund Vegagerðarinnar á Akureyri miðvikudaginn 2. mars 2016. Á fundinum voru fyrir hönd Vegagerðarinnar, Gunnar H. Guðmundsson umdæmisstjóri og Pálmi Þorsteinsson rekstrarstjóri.

Fjallabyggð óskaði eftir fundinum vegna eftirfylgni frá síðasta fundi sem haldin var 7. október 2015.

Eftirfarandi málefni voru rædd.

- Vegurinn milli Garðs og Þróroddstaða.
Fjallabyggð sótti um styrkveg á vef Vg í október 2015. Vegagerðin fer yfir umsóknir í vor og verður erindinu svarað þá.
- Áningarstaður í Ólafsfirði.
Ekki á áætlun, en Fjallabyggð mun vinna áfram að þessu máli. (rætt á fundi 7. okt. 2015)
- Hraðamæling með ljósaskiltum við innkomur í 2 stk. Siglufjörð og 2 stk. Ólafsfjörð alls. Vegagerðin hefur sótt um fjármagn fyrir þessu verkefni en úthlutun er núna í mars og munum við fá svar strax og það liggur fyrir niðurstaða. (Gunnar Vg er vongóður um að fjármagn fáist í þetta verk).
- Vegur að skíðasvæði í Skarðdal (Skarðsvegur).
Búið er að frumhanna framlengingu á veginum en verkefnið er ekki á samgönguáætlun svo vitað sé. Það stóð til að leggja fram nýja samgönguáætlun um miðjan febrúar en það hefur ekki enn verið gert.
- Vegrið við hús meðfram Langeyrarvegi.
Vegagerðin samþykkti á fundi í 7. október 2015 að fara í verkið með 50/50 kostnaðarskiptingu við Fjallabyggð. Áætlaður heildarkostnaður er 1 milljón. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir frá Fjallabyggð þá hefur verkið enn ekki verið framkvæmt en nú er stefnt að verklokum í vorið 2016.
- Skógræktin Siglufirði.
Fjallabyggð sótti um styrkveg á vef Vg í október 2015 um að hækka vegtenginguna og að setja ristarhlíð við innkomu. Vegagerðin fer yfir umsóknir í vor og verður erindinu svarað þá.
- Gatnamót í miðbæ Siglufjarðar (Meinhorn), Gránugata - Snorragata.
Vegagerðin hefur samþykkt að taka þátt í skipulagsvinnu og er málið í vinnslu hjá Fjallabyggð. Erna B. Hreinsdóttir mun vera fulltrúi Vg í þessari vinnu. Fulltrúar Fjallabyggðar leggja áherslu á að fá fíjárveitingu úr umferðaröryggissjóði.
- Saurbæjarás
Á fundi 7. október óskaði Fjallabyggð eftir að settur yrði vindmælir við hliðina á vefmyndavél sem er við gangamunna Héðinsfjarðarganga. Vegagerðin ætlaði að skoða málið og er það enn í vinnslu. Fjallabyggð ítrekaði ósk sína um vindmælir og upplýsti Vg um að skólarútan hafi fokið einu sinni útaf á þessu ári við Saurbæjarás.



Með tilkomu vindmælis þá gæti bílstjóri skóarútu verið betur undirbúin ef hann vissi hversu miklar vindhviður eru til staðar.

- Opnun á Skarðsvegi að vori
Fjallabyggð óskar eftir að Vegagerðin opni veginn upp í Skarð Siglufjarðarmegin að vori. Hugmyndin er að þá væri hægt fyrir ferðapjónustuaðila að keyra á sérútbunum bílum upp á skarðið og skoða útsýnið yfir Siglufjörð. Ekki er meinингin að opna veginn niður í Fjólótt, heldur einingis upp Siglufjarðar megin. Vegagerðin tók vel í þetta erindi og stefnt eftir að því að opna vegin í vor.
- Yfirlagnir á malbiki í gegnum Ólafsfjörð og Siglufjörð.
Fjallabyggð bendir á að ástand á malbiki á þjóðvegi í gegnum Ólafsfjörð og Siglufjörð er mjög bágborið og er orðið mjög aðkallandi að yfirleggja. Ef ekkert verður að gert þá mun verða miklu kostnaðarmeira að lagfæra slitlagið en ella. Einnig bent á að hugsanlega verði farið í lagfæringer á fráveitu í Túngötu (þjóðvegur í þéttbýli). Þá þyrfi aðkomu Vegagerðarinnar þar sem yfirborð (malbik) er á þeirra hendi. Fjallabyggð mun mynda fráveitulagnir og ákvörðun tekin í framhaldi. Vegagerðin verður upplýst um framhaldið.
- Rútuslys á Saurbæjarás
Í vetur fauk skólarútan út af þjóðveginum móts við kirkjugarðinn vegna mikils vinds og gífurlegrar hálku. Fulltrúar Fjallabyggðar leggja mikla áherslu á að vegurinn verði almennilega hálkuvarinn samkvæmt vetrarþjónustuplaní Vegagerðarinnar til að koma í veg fyrir slys og óhöpp.

Gunnar I. Birgisson
Bæjarstjóri

Árman Viðar Sigurðsson
Deildarstjóri tæknideildar